# Lög

## um breytingu á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

1. gr.

4. tölul. V. liðar 1. gr. laganna orðast svo:

*4. Skálholtsprestakall:*
Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.

2. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 5. tölul. orðast svo: Nú losnar embætti sóknarprests í Bergþórshvolsprestakalli og er þá heimilt að setja prest til að gegna því embætti allt til 1. janúar 1999.
b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Heimilt er í Grafarvogsprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra að ráða sóknarpresti annan prest til aðstoðar fram til 1. janúar 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

---

*Samþykkt á Alþingi 14. maí 1997.*